

Ed.

181. Breytingartillögur

[88. mál]

við frv. til laga um söluskatt.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (BjörnJ).

1. Við 3. gr. 3. málsgrein falli niður.
2. Við 4. gr.
 - a. e-liður falli niður.
 - b. Orðin „og samkomuhúsa“ í i-lið falli niður.
 - c. j-liður falli niður.
3. Við 6. gr.
 - a. 2. liður orðist svo:
Innlendar landbúnaðarvörur.
 - b. 3. liður orðist svo:
Hvers konar umbúðir um framleiðsluvörur, svo sem fiskumbúðir, kjötpokar, dósir til niðursuðu og niðurlagningar og aðrar umbúðir iðnaðarvara.
 - c. 4. liður orðist svo:
Hvers konar veiðarfæri, þó ekki sporttæki.
 - d. 14. liður orðist svo:
Heimilisnotkun á eigin framleiðsluvörum.
4. Við 7. gr.
 - a. 1. liður orðist svo:
Vinna við húsbýggingar og aðra mannvirkjagerð svo og vinna við endurbætur og viðhald slíkra mannvirkja. Undanþága þessi tekur bæði til þeirrar vinnu, sem unnin er á byggingarstað, og vinnu við framleiðslu og aðvinnslu byggingarvara í verksmiðjum, verkstæðum og starfsstöðvum.
 - b. 3. liður orðist svo:
Vöruflytningar, enn fremur fólksflytningar almennra leigubifreiða, strætisvagna og langferðabifreiða.
 - c. Orðin „og samkomuhúsa“ í 4. lið falli brott.
 - d. 10. liður orðist svo:
Sala vatns til hvers konar þarfa svo og raforku.
5. Við 25. gr. Síðari málsg. falli brott.
6. Við 26. gr. Orðin „ef málum út af þeim er vísað til dómstólanna“ falli brott.